

# Hrókeringar hjá kerfisframleiðendum bókasafnskerfa

Ágæta samstarfsfólk.

Á dögunum var tilkynnt um að Ex Libris, a ProQuest Company hefði keypt Innovative Interfaces. Eins og ykkur er kunnugt um er Landskerfið með samning við Innovative vegna nýja bókasafnskerfisins Sierra. Kaupin raska innleiðingu nýja kerfisins nokkuð því ákveðið hefur verið að hætta þróun Inspire Discovery sem Landskerfið stefndi að því að taka í notkun sem leitargátt.

Landskerfið á þessa dagana í viðræðum við Ex Libris og Innovative um framhaldið. Nokkrum valkostum hefur verið stillt upp og eru þeir til skoðunar. Gera má ráð fyrir að það muni taka nokkrar vikur að finna út úr máluðum. Upplýst verður um niðurstöðu jafnskjótt og hún liggur fyrir.

Fyrir áhugasama, þá er hægt að nálgast fréttatilkynningar um kaup Ex Libris á Innovative hér að neðan:

<https://www.exlibrisgroup.com/press-release/ex-libris-completes-the-acquisition-of-innovative/>

<https://www.iii.com/media/ex-libris-completes-the-acquisition-of-innovative/>

Virðingarfyllt.

Sveinbjörg Sveinsdóttir  
framkvæmdastjóri